

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 212/2012**

2013/EES/18/08

frá 7. desember 2012

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 757/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32010 R 0757**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 757/2010 frá 24. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 757/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.